

Ed.

718. Breytingartillögur

[186. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar (ÓB, StG, SvG).

1. Við 12. gr.
 - a. Í stað „skólaráðs“ í 3. tölulið komi: dómnefndar.
 - b. 4. töluliður orðist svo:

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósentis. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.
2. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrir „samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1963“ komi: samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1963.